

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Nemendinn fær þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga með áherslu á timburhús og þakvirki. Fjallað er um almenna byggingaupprætti en samhliða koma einnig burðarvirkisupprættir þar sem meðal annars er komið inn á ýmskonar álag á byggingar. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur og verklýsingar með tilliti til efniskrafna og einangrunar. Nemendinn kynnist mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fær þjálfun í gerð efnislista á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.

Áfangamarkmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- burðarvirki timburhúsa
- margskonar álagi sem byggingar verða fyrir
- smíðisfestingum sem notaðar eru við timburhúsagerð
- klæðningum veggja og þaka
- mikilvægi loftræstingar byggingarhluta
- einangrun byggingarhluta
- rakavarnarlagi og mikilvægi þess
- notkun vinnuteikninga á byggingastað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota tölvur til teikninga
- teikna burðarvirki timburhúsa eftir verklýsingum og fyrirmælum
- útbúa sérmyndir, deili og snið
- vinna með mismunandi mælikvarða
- útbúa teikningar til prentunar og prenta út nothæfar vinnuteikningar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja uppbyggingu byggingateikninga
- teikna einfaldar burðarvirkisteikningar í tölvu
- útbúa vinnuteikningar eftir öðrum teikningum
- vinna eftir teikningum á byggingavinnustað

Vinnubrögð

Teiknaðar verða valdar teikningar úr sumarhúsi VMA með áherslu á burðarvirki, festingar, efni og verklýsingar. Teikningum verður skilað á tölvutæku formi á önninni (í lok verkefna) og svo prentaðar út í lok annarinnar. Mikilvægt er að nemendur búi sér til aðgang að <https://www.auctodesk.com/education/students> og hlaði AutoCad forritinu niður á eigin tölvur. Í tímum geta nemendur unnið á tölvur skólans, en ef frekari samkomutakmarkanir verða á önninni er nauðsynlegt að hafa aðgang að hugbúnaðnum utan VMA.

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 2

Teiknivinna húsasmiða I
TEIV2BT05
Námsáætlun haustannar 2021



Námsefni

Valdar teikningar af sumarhúsi VMA 2021 sem smíðað verður í áfanganum TIMB3VS10.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttu:

Tímabil (vikunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Vægi námsmatspáttu
Vika 33	Kynning	
Vika 33 – 35	Gólfgrind og undirstöður	10%
Vika 36 – 39	Veggjagrindur	20%
Vika 40 – 41	Undirstöður og festingar	20%
Vika 42 – 43	Sperrur og festingar	10%
Vika 43 – 45	Lóðrétt snið í útvegg 1	20%
Vika 45 – 47	Lóðrétt snið í útvegg 2	20%
Vika 48	Frágangur og lokaskil	
	Samtals	100%

Námsmat og vægi námsmatspáttu:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi %	
Teikniverkefni 1	Timburhús – Gólfgrind og undirstöður	10	
Teikniverkefni 2	Timburhús – Veggjagrindur	20	
Teikniverkefni 3	Timburhús – Sérmyndir af undirstöðum	20	
Teikniverkefni 4	Timburhús – Sperrur og festingar	10	
Teikniverkefni 5	Timburhús – Lóðrétt snið í útvegg 1	20	
Teikniverkefni 6	Timburhús – Lóðrétt snið í útvegg 2	20	
	Samtals:	100	


Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Námsáætlun þessi getur tekið breytingum með tilliti til Covid 19

Dagsetning: 17. ágúst 2021

Halldór Torfi Torfason

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

